

Alþingi
Erindi nr. P 141/294
komudagur 2.11.2012

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Sýslumannsins í Vestmannaeyjum um frumvarp til breytinga á lögreglugögum (fækkun lögregluumdæma o.fl.).
173. mál.

Undirritaður hefur mótttekið tölvubréf allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis dags. 15. október 2012 þar sem óskað er eftir umsögn hans um frumvarp til breytingar á lögreglugögum.

Undirritaður sendir yður svohljóðandi:

a t h u g a s e m d i r

Undirritaður **gerir alvarlegar athugasemdir** við þá grunnhugmynd frumvarpsins að alls staðar á landinu eigi að aðgreina lögreglustjórn frá sýslumannsembættunum og telur að sú hugmynd sé til þess fallin að draga úr nálægð stjórnunar frá byggðum víða um land og þar með minnka þjónustustig við íbúana þar.

Undirritaður telur að til sé **mun einfaldari og hagkvæmari leið** til þess að spara í þessu kerfi, en hér hefur verið valin, þ.e. að nýta starfskrafta sýslumanna til að sinna bæði lögreglustjórn og sýslumannsstörfum í dreifaðari byggðum landsins.

Þannig telur undirritaður að með frumvarpinu sé verið að **veikja mjög stjórnarsýsluna út á landsbyggðinni** og á stundum að **lengja mjög í vegalengdum** fyrir íbúa til þess að sækja sér **sérfræðiþjónustu ríkisins**.

Byggðarleg áhrif af þessum fyrirhuguðu breytingnum yrðu margháttuð og öll í þá átt að **minnka vægi minni byggða**, lengja í ákvörðunum stjórnarsýslunnar á landsbyggðinni, fækka sérfræðistörfum úti á landi og veikja mörg embætti úti á landi algjörlega að ástæðulausu.

Því telur undirritaður að **hagkvæmast og augljósast** í því árferði sem nú er að fækka lögreglustjórum og sýslumönnum þar sem hagkvæmt er, en annar staðar að nýta krafta þeirra til þess að sinna áfram bæði lögreglustjórn og sýslumannsstörfum sínum.

Þannig væri unnt að taka framtíð þessara eininga til gagn Gerrar endurskoðunar með það fyrir augum að fækka þeim og skapa hagkvæmar einingar, sem séu vel í stakk búin til þess að sinna sínu breiða starfssviði.

Einnig bendir undirritaður á að ekki er búið að gera neina tilraun til þess að **kostnaðarreikna** frumvarpið, eins og umsögn fjárlagaskrifstofunnar sem fylgir frumvarpinu ber með sér, heldur er hér um að ræða óútfylltan tékka að ræða, en augljóst er að það mun hafa í för með sér verulegan kostnaðarauka að stofnsetja 6 ný lögregluembætti, sem mun að sjálfsögðu kosta þó nokkrar fjárhæðir, sem augljóslega á að ná til baka með því að afleggja fjölmörg sýslumannsembætti.

Loks telur undirritaður að núverandi kerfi, þar sem sýslumenn séu jafnframt lögreglustjórar úti á landi sé gott og skilvirkt og það þurfi einungis að endurbæta það og efla svo þjónusta við íbúa í dreifðum byggðum sé með þeim hætti að sómi sé að.

Undirritaður gæti tekið til fjölmörg fleiri atriði til stuðnings máli sínu og vildi fá tækifæri til þess að hitta nefndina áður en frumvarpið verður sett á ný fyrir þingið.

Frekari rökstuðningur fyrir ofangreindu:

Rökin fyrir aðskilnaði lögreglu og sýslumanna eru ekki sannfærandi.

Undirritaður telur að rökin fyrir aðskilnaði lögreglustjóra og sýslumanna séu alls ekki sannfærandi né nógu afgerandi svo ráðast megi í svo dýrar og óafturkræfar breytingar á núverandi kerfi. Undirritaður hefur starfað í þessu kerfi í yfir tvo áratugi á fimm mismunandi embættum um allt land og telur að hagkvæmast sé að nota áfram óbreytt kerfi í dreifðum byggðum en hafa lögreglustjórn á einni hendi í fjölmennari byggðum, svo sem á höfuðborgarsvæðinu og e.t.v. fleiri fjölmönnum og þéttum svæðum. Ef hlustað er vandlega eftir því hvað býr að baki þessum tillögum þá kemur nefnilega berlega í ljós að rökin eru ekki efnismikil, td. rökin um að starf sýslumanna og lögreglustjóra sé ekki samrýmanleg.

Það hlýtur að vera ódýrara fyrir fámenna þjóð í dreifbýlu landi að sami maður sinni fleiri verkefnum á fámennari og landmeiri svæðum landsins. Mergurinn málsins er einmitt sá að með því að fækka lögreglustjórum og aðskilja lögreglustjórn frá sýslumönnum verður að fækka sýslumannaembættunum **enn frekar** til þess að vinna upp kostnaðinn við stofnsetningu sex nýrra lögreglustjóraembætta. Það veldur því svo enn og aftur að sami sýslumaður þarf að sinna afar stóru embætti landfræðilega. Niðurstaða af öllu þessu verður því sú að við stöndum uppi með nokkur afar óburðug embætti og nefni ég þar Vestfirði sem gott dæmi um að þar verða til tvö óburðug embætti eftir þessa fyrirhuguðu breytingu, eitt sýslumannsembætti og annað lögreglustjóraembætti. Þetta sjá allir þeir sem vinna við þennan málaflokk, en tilgangurinn virðist helga meðalið að þessu leytinu og ekki er verið að leitast við að gera þetta hagkvæmt eða finna eðlilega lausn fyrir hvert og eitt landssvæði.

Fækkun lögreglustjóra úr 15 í 8 og sýslumanna úr 25 í 8 er of mikil fækkun.

Þessi fækkun er of mikil að mati undirritaðs og verður til þess að stjórn lögreglu í landinu verður nánast öll á suðvesturhorninu, þar sem einungis má gera ráð fyrir að fjórir lögreglustjórar af átta verði úti á landi utan atvinnusvæðis höfuðborgarsvæðisins. Þetta verður til þess að stjórnun lögreglu og allar mikilvægar ákvarðanir varðandi þjónustu lögreglunnar munu flytjast enn meira frá íbúum í dreifðari byggðum en nú er og þótti þó mörgum nóg um.

Undirritaður er þó alls ekki á móti því að embætti verði sameinuð, bæði að því er snertir lögreglu- og sýslumannsembættin. Sparnaði má ná fram með einstaka sameiningum, en í grunninn telur undirritaður að hér sé of langt gengið og telur fyrirsjáanlegt að þjónusta embættanna út um landið muni minnka um of með þessum miklu sameiningum.

Sjónarmið um byggð og þjónustu úti á landi.

Ef frumvarp þetta verður að veruleika í óbreyttu formi er alveg ljóst að fjöldi starfa muni færast frá minni byggðakjörnum til þeirra stærri og á höfuðborgarsvæðið. Ef ætlunin væri að fækka störfum og spara væri e.t.v. erfitt að andmæla þótt vissulega sé oft höggvið í sama knérunn starfa úti á landi, en með þessu frumvarpi er einungis verið að færa störf annað, störf sem þarf að vinna og verða auðvitað unnin, bara fær íbúunum í dreifðum byggðum. Þetta telur undirritaður óásættanlegt og að auki mun þjónusta versna fyrir marga íbúa þessa lands, þó þjónusta á vissum svæðum muni ekki breytast. Hvað er þá unnið ?

Fjárhagsleg rök.

Undirritaður telur mikið skorta á að menn geri sér grein fyrir að til sé ódýrari og hagkvæmari leið til þess að **spara fjármuni** fyrir þjóðfélagið heldur en að aðskilja lögreglustjórn frá sýslumannsembættunum. Undirritaður telur þessa aðferð vera lúxus sem við höfum ekki lengur efni á og kostnaðurinn við þessi nýju embætti muni leggjast á hið opinbera kerfi úti á landi og þá sérstaklega á minni stöðunum þar sem embætti verða aflögð og lenda

með mestum þunga á dreifðum byggðum, þar sem þessi embætti hafa verið burðarás í þjónustu ríkisins við íbúana.

Undirritaður vill einnig benda á að hann hefur ekki séð útreikninga varðandi það hvað hvert hinna nýju embætta lögreglustjóra muni kosta, stofnsetning þeirra, húsnæði, tölvu- og starfsmannamál. Hvaðan á að taka þá fjármuni ?

Hvað með rekstur þessarra nýju embætta. Hefur það verið reiknað hversu stjórnunar- funda- og ferðakostnaður muni aukast með stækkun umdæmanna ?

Þá má benda á hinn stóruakna kostnað sem lenda mun á íbúunum sjálfum við að ferðast lengri leiðir til að rækja erindi sín við ríkisvaldið.

Í þessu sambandi er vert að líta á greinagerð fjárlagaskrifstofunnar sem fylgir frumvarpinu, en þar segir orðrétt :

„ ... Á vegum innanríkisráðuneytisins hefur **ekki farið fram greining** á fyrirkomulagi nýrra lögregluembætta **né liggja fyrir** rekstraráætlanir um endurskipulagða starfsemi þannig að hægt sé með góðu móti að leggja mat á þessa þætti. ... Það kynni að hafa verið heppilegra í þessu tilliti að vinna verkefnisstjórnar hefði verið framkvæmd áður en lagafrumvarpið kom fram, þannig að fyrir lægi hver ávinningur af breytingum væri og hvernig ráðstafa mætti þeim fjármunum í samhengi við fjárheimildir til málaflokksins á komandi árum. ... Þar sem **ekki liggja fyrir af hálfu innanríkisráðuneytisins rekstraráætlanir** og stjórnarsýslugreining um áformaða starfsemi endurskipulagðra löggæslustofnana er **ekki unnt að meta fjárhagsleg áhrif af lögfestingu frumvarpsins.** ... „

Málafjöldi ákærumála í Vestmannaeyjum.

Við embætti lögreglustjórans og sýslumannsins í Vestmannaeyjum eru næg verkefni. Sem dæmi má nefna að á síðasta ári voru gefnar út 65 ákæur við embættið sem fóru til meðferðar við Héraðsdóm Suðurlands. Til samanburðar voru ákæur úgefna af lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum fleiri en heildarfjöldi ákæra við marga Héraðsdómstóla í öðrum landshlutum og miðað við einangrun Vestmannaeyja á vetrum þá er óforsvaranlegt að þessi verkefni flytjist annað :

Héraðsdómur	Ákæur	2010	2011
Héraðsdómur Austurlands *	allar	51	55
Héraðsdómur Vestfjarða *	allar	25	37
Lögreglustj. í Vestmannaeyjum	Vestm.	40	65

* Skv. uppl. frá viðkomandi Héraðsdómstólum 1 og 2. október 2012

Ákæur þarf að semja og í Vestmannaeyjum eru fyrirtökur í þeim málum sem snúa að íbúum í Eyjunum teknar fyrir í dómþinghá Héraðsdómstóls Suðurlands þar í bæ. Vinna við undirbúning og saksókn þessara mála svo og annarra sem ríkissaksóknari felur lögreglustjóra er best komin í Vestmannaeyjum, enda yrðu þessi verkefni ella einungis unnin af öðrum annar staðar.

Reynslan frá 2007.

Síðast var lögregluumdæmunum fækkað 2007 og er enn ekki búið að gera hlutlausa úttekt á áhrifum þess á þjónustu lögreglu. Engin tilraun hefur verið gerð til að meta hagkvæmni, skilvirkni eða áhrif í löggæslu. Margir, sem fækka vilja lögregluumdæmunum telja að með því að fækka lögreglustjórum náist að fjölga lögreglumönnum. Þessi hugsun er góðra gjalda verð, en hver er reynslan ? Af þessu tilefni kannaði undirritaður nokkra staði á landinu þar sem lögreglustjóri var fyrir nokkrum árum og hver fjöldi lögreglumanna hafi verið

í viðkomandi þéttbýli 1997 og svo aftur á síðasta ári.

Staður eða þéttbýliskjarni	Starfandi lögreglumenn		
	1997*	2011**	
<i>Siglufjörður</i>	4	1	
<i>Ólafsfjörður</i>	2	2	
<i>Vík í Mýrdal</i>	2	0	
<i>Neskaupsstaður</i>	2	1	
<i>Hólmavík</i>	1	2	
<i>Patreksfjörður</i>	4	4	
<i>Bolungarvík</i>	2	0	
<i>Búðardalur</i>	1	0	
<i>Höfn í Hornafirði</i>	3	4	
Samtals	21	14	Fækkun um 33%

* *Bókin Lögreglan á Íslandi.*

** *Skv. munnlegum uppl. frá viðkomandi embætti eða lögreglustöð í maí 2011.*

Er nema von að sporin hræði fyrir fólk úti á landi? Hefur einhver spurt fólk á þessum stöðum hvort löggæsla hafi batnað í þeirra plássi? Því miður virðist það viðtekin venja þegar stjórn og ákvarðanataka fer frá stöðum úti á landi lengra í burtu að tilhneigingin er sú að **fækkun og sparnaður bitnar á þeim stöðum** fremur en öðrum.

Um almannavarnir.


Í þessu sambandi verður ekki litið framhjá því hlutverki lögreglustjóra að fara með stjórn almannavarna í sínu umdæmi þegar vá steðjar að. Undirritaður telur mikilvægt að stjórn almannavarna sé í höndum aðila sem hefur sem besta þekkingu á fólki og fjöllum, bæjum og búskap á viðkomandi svæði. Yfirstjórn Almannaavarna er nú í höndum ríkislögreglustjóraembættisins og hér er gert ráð fyrir að lengra verði til næsta þreps í því kerfi, þ.e. lögreglustjóranna. **Flækjustig** aðgerða fyrir heimamenn verður því mun meira en nú er, en stjórn lögreglu er afar mikilvægur þáttur þegar vá stendur fyrir dyrum og er skemmst að minnast þessa góða starfs sem unnið var í kringum eldsumbrotin í Eyjafjallajökli, en þar var stjórn aðgerða í höndum lögreglustjóra sem hafði **góða staðarþekkingu** og var í **nálægð við viðfangsefnið** auk þess sem sýslumaðurinn á staðnum sinnti ýmsum mikilvægum störfum í aðgerðum. Að þessu þarf að gæta.

Sérstaklega um Vestmannaeyjar

Undirritaður telur að stjórn lögreglumála í Vestmannaeyjum þurfi að vera í Vestmannaeyjabæ þar sem bærinn er **einangrað eyjasamfélag** sem þarf að vera sjálfu sér nægt á mörgum sviðum og því mikilvægt að stjórn þessara mála verði í Eyjunum sjálfum. **Samlegðaráhrif** af sameiningu lögregluliðsins í Vestmannaeyjum við önnur lið uppi á landi er augljóslega **engin**, enda fræðilega ekki unnt að samræma vaktakerfi milli lands og Eyja. Að auki sé ekki viðunandi að stjórn lögreglu og almannavarna varðandi eyjarnar sé staðsett uppi á landi, td. þar sem ekki sé alltaf unnt að koma aðstoð á milli lands og Eyja og heimamenn verða því að treysta á að leysa málin sjálfir þar til aðstoð berst. Vestmannaeyjabær er þrátt fyrir allt næststærsti byggðakjarni á Íslandi fyrir utan stór-höfuðborgarsvæðið, einungis Akureyri er fjölmennara. Þá er bærinn einhver mesti útgerðarstaður landsins með útflutningshöfn sem er fyrsta og síðasta höfn mikilla flutninga til og frá landinu, en sjávarútvegur er stærsti útflutningsatvinnuvegur þjóðarinnar. Þessari **sérstöðu** má ekki gleyma þegar teknar eru ákvarðanir um hvar stjórn mála skal vera að því er snertir slíka þéttbýlisstaði.

Ég legg því til að frumvarpinu verði hafnað og unnið að heildarendurskoðun á lögreglustjóra- og sýslumannsembættunum, þar sem það verði haft að leiðarljósi að ná fram hagræðingu með sameiningu embætta, en jafnframt að starfskraftar starfsmanna og stjórnenda verði nýttir til þess ítrasta til þess að gera þjónustu lögreglunnar og sýslumannsembættana í landinu betri og skilvirkari fyrir íbúa þess.

Vestmannaeyjum, 2. nóvember 2012
Virðingarfyllst,


Karl Gauti Hjaltason
Lögreglustjóri og sýslumaður í Vestmannaeyjum

